

Málsnúmer: 2604010

Móttakið: 8.4.2026

Styrkumsókn - Menningar- og ferðamál

Almennar upplýsingar

Nafn

Ólafur Jóhann Engilbertsson

Netfang

olafur@sogumidlun.is

Ég sæki um fyrir hönd annars aðila



Nafn

Félag um safn Gísla á Uppsölum

Kennitala

4107191180

Samstarfsaðilar

Félag um listasafn Samúels (4403982949)

Verkefni

Heiti verkefnis

Opnun Gíslasafns á Uppsölum

Áætluð lok verkefnis/dagsetning viðburðar

07.08.2026

Lýsing verkefnis/viðburðar

Föstudaginn 7. ágúst 2026 verður Safn Gísla Uppsölum formlega opnað. Logi Einarsson menningarmálaráðherra flytur ávarp. Þröstur Leó Gunnarsson leikari les upp kvæði og hugleiðingar eftir Gísla. Guðni Th. Jóhannesson prófessor flytur erindi um Jón Sigurðsson í Verdölum. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur flytur erindi um Brennuöldina og séra Pál Björnsson og Helgu Halldórsdóttur, konu hans. Arnljótur Sigurðsson (Kraftgalli) leikur á orgel Gísla. Boðið verður upp á viðbit að hætti Gísla.

Hvernig er verkefnið undirbúið?

Opnun Safns Gísla á Uppsölum er á dagskrá Selárdalshátíðar sem fer einnig fram í Listasafni Samúels. Selárdalshátíð er kynnt á öllum helstu miðlum, á Facebook síðum Listasafns Samúels og Gíslasafns, Arnfirðingafélagsins og fleiri, einnig t.d. á RÚV, Bæjarins besta og Morgunblaðinu. Undirbúningur opnunar Gíslasafns hefur verið í gangi í fimm ár. Kári G. Schram, formaður beggja safnanna, hefur stýrt framkvæmdum á Uppsölum og fengið verktaka úr Vesturbyggð til aðstoðar.

Hvernig tengist verkefnið sveitarfélaginu Vesturbyggð?

Uppsali eru í Selárdal í Vesturbyggð. Með því að opna Uppsali sem safn eykst aðdráttarafli Selárdals sem perlu við sunnanverðan Arnarfjörð. Listasafn Samúels hefur verið með opna kaffistofu og sýningar í sjö ár og gestir hafa mikið spurt um Uppsali. Húsið hafði verið gert upp að utan, en nú hefur það líka verið tekið í gegn að innan og lagaður vegurinn þangað. Svo nú er aðgengið mun betra en áður og allar gerðir bíla geta nú komist að Uppsölum. Samstarf verður við Minjasafnið á Hnjóti um muni.

Hvernig eflir verkefnið menningar- og/eða ferðamál í Vesturbyggð?

Gíslasafn á Uppsölum eflir menningar- og ferðamál í Vesturbyggð þar sem þjóðin þekkir Gísla frá þeim myndskreiðum sem birst hafa í sjónvarpi og einstaka greinum sem um hann hafa verið ritaðar, en að baki býr mun stærri og merkilegri saga sem verður sett fram í Gíslasafni. Þar fær skáldið Gísli að njóta sín. Settar verða upp ljósmyndir og fróðleik miðlað auk þess sem skáldskapur Gísla verður í öndvegi. Gönguleiðir verða merktar um svæðið og útsýnskífa verður sett upp á hrygginn fyrir ofan bæinn.

Kostnaðaráætlun

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis

1500000

Áætlaðar heildartekjur verkefnis

0

Umbeðin styrkuppþæð

250000

Kostnaðaráætlun

Safn Gísla á Uppsölum - kostnaður

Laun og vinnuframlag (80 tímar x 5000)	400.000
Ferðakostnaður (Ferjuleiðir, Höldur bílaleiga og Norlandair flug)	300.000
Aðkeypt þjónusta (TV-verk: frágangur, Kalli raf - frágangur)	300.000
Áhöld og tæki (Skjár, afspilunartæki, móttökubúnaður o.fl)	500.000
1.500.000	

Fjármögnun

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða	Staðfest	750.000
Örvar - Menningarmálaráðuneytið	Óstaðfest	500.000
Menningar- og ferðamálanefnd Vesturbyggðar	Óstaðfest	Umsókn 250.000
1.500.000		

Staðfesting og fylgigögn

Ég staðfesti að upplýsingarnar í umsókninni eru réttar



Ég hef kynnt mér úthlutunarreglur styrktarsjóðsins



Fylgiskjöl

Skrá

Lýsing

Safn um Gísla á Uppsölum MEÓ.pdf

Safn Gísla á Uppsölum kynning.pdf

Selardalshatid og Solmyrkvi.pdf

Safn Gísla á Uppsölum - kostnaður.xlsx

Gísli_Uppsölum_myndir_og_grein.pdf

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 1203

Staðfestingarmáti: Rafræn skilríki í farsíma

Dagsetning: 8.4.2026 15:11:05